



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

53. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskólans Suðurnesja var haldinn 27. ágúst 1980. Fundinn sóttu Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Ingvar Jóhannsson, Ómar Bjarnþórsson, Guðni Ölvérsson fyrir Grindavík, Sævar Guðbergsson og Valtýr Guðjónsson ritari.

Þetta var rätt:

1. Skólasetning á að fara fram 1. sept. n.k. kl. 16.00 í samkomuhúsinu í Gerðahreppi. Skólameistari skýrði frá því að enn hefði borið á vanefndum Reiknistofu Háskólans varðandi stundatöflugerð, þannig að þessi gögn eru enn ekki tilbúin. Benti hann á að þetta væri óviðunandi til frambúðar. Nauðsynlegt væri fyrir nemendur að hagnýta lesstofu og bókasafn skólans miklu meira en gert hefur verið, en þar er aðstaða til náms og lestrar með besta móti, samanborið við aðra hliðstæða skóla. Skólameistari lýsti skipulagi haustannar, námsvali, ráðningu kennara og áætluðum fjölda nemenda. Þá benti hann og á að í 8. og 9. bekkjum grunnskóla þyrfti nemendur að fá mjög auknar upplýsingar um mögulegt námsval í Fjölbrautaskólanum.
2. Athugasemdir menntamálaráðuneytis úr ársreikningi Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem beinast að því að lækka hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaðar og rekstursgjöldum skólans, sem færast yfir í sveitarfélögin. Skólameistara og formanni var falið að rökstyðja mótmæli við athugasemdirnar enn á ný en þær eru svipaðar og undanfarin ár.
3. Farið var yfir nokkrar niðurstöður reikninga skólans fyrir yfirstandandi ár.
4. Formaður gerði grein fyrir framkvæmdum. Verið er að standsetja lesstofu í vesturenda skólans, en hún var áður í austurenda, en þangað er nú flutt kaffistofa nemenda og bóksala. Þá er fullinnréttuð eðlisfærðistofa. Allt er þetta gert skv. áður samþykktum teikningum húsameistara.
5. Skólameistari skýrði frá fundi með fulltrúum í menntamálaráðuneyti um meistaraskóla, sbr. fyrri fundargerðir. Vantanlegt er samþykki ráðuneytis um að starfrækja meistarskólann, en í samráði við þá þarf að ákveða þátttökugjöld.

6. Ómar Bjarnþórsson gerði fyrirspurn um hvort unnt væri að skólinn yfirtæki námsflokkastarfsemi þá sem fram hefur farið í Sandgerði. Vísað var til ráðagerðar um þetta, sbr. 45 fundargerð skólanefndar.

7. Skólameistari flutti ósk kennarafélagsins að matráðskona starfi allan daginn, en frá síðustu áramótum annaðist kona í hálfri stöðu framreiðslu kaffiveitinga. Telji kennarar þessa ósk sína byggða á gildandi kjarasamningum.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.